



Stúdentaráðsfundur

24. fundur

20. september 2013 í N201

Fundaritari: Aníta Einarsdóttir

Fundur settur: 11:47

Mættir: Leifur Guðni Grétarsson, Aníta Einarsdóttir, Hafdís Erna Ásbjarnardóttir, Þórhildur Edda Eiríksdóttir, Vilborg Lárusdóttir.

Meirihluti stúdentaráðs mættur.

1. Skráning í undirfélögin

a. Á að hleypa öllum skráningum í gegn? Eða bara þeim sem voru rétt alveg skráðar?

Sumir nemendur skráðu sig en sendu ekki póst til staðfestingar. Þetta var gert sérstaklega til að koma í veg fyrir að aðilar væru ekki að skrá annað fólk en sig sjálf.

b. Á að samþykkja bara þær skráningar sem ekki voru sendar úr HA póstinum?

Það á ekki að hleypa fólk í gegn ef það er ekki búið að skrá sig rétt í félagið, en samþykkt var þó að það ætti að gefa fólkinu tækifæri til að leiðrétta skráninguna. Framkvæmdastjórn sendir því fólk póst, á UNAK netfang þeirra, sem sendi ekki staðfestingarkóðann eða sendi af vitlausu netfangi. Ef fólk svarar póstinum innan tiltekins tíma, sem skal vera kl. 12:00 á þriðjudaginn 24. Sept, þá fær það skráninguna staðfesta. Eftir það kostar 3000 kr. að skrá sig. Meirihluta samþykki var fyrir þessari ákvörðun

c. Félagalímmiðar

Framkvæmdastjórn sér um að prenta út límmiðana fyrir undirfélögin og prentar eins marga og eru skráðir plús 10% meira, ef fleiri skrá sig eftir á. Stjórnir félaganna sjá um að deila út límmiðum, geta nálgast límmiðana á skrifstofu FSHA þegar loka skráningarlisti hefur verið sendur út.

d. Upplýsingaflæði á stjórnir



Stutt umræða var tekin um mikilvægi þess að formenn haldi upplýsingaflæðinu góðu milli stúdentaráðs og sinna stjórna. Mjög gott er að vera t.d. með fundi eftir stúdentaráðsfundi svo allir stjórnarmeðlimir séu með á nótunum og með þær ákvarðanir á hreinu sem teknar eru á hverjum fundi.

Samantekt: Samþykkt var að þeir nemendur sem ekki skráðu sig rétt skv. leiðbeiningum skráningarsíðunnar á fsha.is fá tækifæri til að leiðrétta skráningu sína fram á þriðjudaginn 24.09.13 kl. 12:00. Þá sendir framkvæmdastjórn út skráningarlistana.

Stjórnir undirfélaganna geta nálgast límmiðana sína á skrifstofu FSHA eftir að listinn hefur verið sendur út.

Upplýsingaflæði verður að vera gott innan stjórnanna.

Fundi slitið klukkan 12:08



:

Undirskrift fundargesta

Leifur Guðni Grétarsson

Formaður FSHA

Aníta Einarsdóttir

Varaformaður FSHA

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir

Fjármálastjóri FSHA

Vilborg Lárusdóttir

Vara-Formaður Eirar

Þórhildur Edda Eiríksdóttir

Forseti Stafnbúa